

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Hér á eftir fylgir umsögn stjórnar landssamtakanna Geðhjálpur um frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 með síðari breytingum, sbr. þingskjal 1104 – 676.mál.

Skorað er á stjórnvöld að lækka komugjöld til geðlækna í ofangreindu frumvarpi. Ef frumvarpið verður að lögum hækkar meðalkostnaður öryrkja við geðlæknisþjónustu úr um 20.000 kr. í 63.500 kr. eða um 43.000 kr. á ári. Stjórnin lítur svo á að stefna beri að því að íslensk heilbrigðisþjónusta verði gjaldfrjáls og því eigi ekki að þyngja byrðar öryrkja og almennings eins og gert sé í frumvarpinu.

Öryrki með geðfötlun leitar að meðaltali sex sinnum til sjálfstætt starfandi geðæknis og nokkrum sinnum til lækna á heilsugæslu og sjúkrahúsum á hverju ári. Í núverandi kerfi fær öryrki afsláttarkort eftir að hafa greitt 8.500 kr. eða fyrir ríflega tvö viðtöl hjá geðlækni samkvæmt verðskrá fyrir þjónustu geðlækna við öryrkja og ellilífeyrisþega. Í framhaldi af því greiðir hann svo 1.098 kr. fyrir hvert viðtal upp í sex viðtöl eða samtals um 13.000 kr. á ári. Að viðbættum nokkrum heimsóknnum á heilsugæslustöð og sjúkrahús hækkar upphæðin upp í 20.000 kr. á ári.

Ef frumvarp heilbrigðisráðherra verður að lögum greiðir sami öryrki 16.148 kr. fyrir hvert viðtal hjá sjálfstætt starfandi geðlækni og ætti því að greiða samtals 96.888 kr. fyrir sex viðtöl að viðbættum um 5.000 kr. kostnaði vegna heilsugæslu- og sjúkrahúskostnaðar ef ekki kæmi til 63.500 kr. kostnaðarþak öryrkja samkvæmt frumvarpinu. Öryrkinn þyrfti með öðrum orðum að greiða 63.500 kr. fyrir þjónustuna í staðinn fyrir 20.000 kr. eða um 43.000 kr. hærri upphæð en í dag ef frumvarpið verður að lögum. Með hliðsjón af ofangreindu er ljóst að breytingin mun skerða til muna aðgengi öryrkja með geðfötlun að geðlæknaþjónustu. Aðeins lítill hluti þess hóps fer yfir kostnaðarþak öryrkja upp á 63.500 kr. og mun því hagnast á breytingunni.

Breytingin kemur ekki aðeins við öryrkja heldur allan almenning í landinu því að almennt verð fyrir fyrsta viðtal hjá geðlækni hækkar úr 13.696 kr. í 25.690 kr. eða um hátt í 12.000 kr. samkvæmt frumvarpinu. Verð fyrir hefðbundið langt viðtal hækkar úr 9.879 kr. í 16.148 kr. eða um ríflega 6.000 kr. Sú breyting veldur því að nánast ógerlegt verður fyrir lágtekjufólk og barnmargar fjölskyldur að sækja sér þjónustu geðlækna. Greiðsluþak almennings verður 95.200 kr. á ársgrundvelli samkvæmt frumvarpinu.

Geðsjúkdómar eru alvarleg og útbreidd veikindi. Þau skerða lífsgæði einstaklinga og eru dýr fyrir samfélagið í heild sinni, einkum þegar fólki gefst ekki tækifæri til að leita sér viðeigandi hjálpar með þeim afleiðingum að einkenni viðkomandi sjúkdóms ágerast. Þess vegna skýtur skökku við að öryrkjum og öllum almenningi sé hamlað að leita sér bata með aðstoð geðlækna eins og raunin verður ef frumvarp heilbrigðisráðherra verður að lögum.

Því er ítrekað skorað á stjórnvöld að bera velferð almennings fyrir brjósti og lækka komugjöld til geðlækna samkvæmt frumvarpinu án tafar.

Fyrir hönd landssamtakanna Geðhjálpur,
Hrannar Jónsson, formaður.

